

hluti: sól, tungl, stjörnur, vötn, trje og ýmsar lifandi skepnur.

3. Sp.: Hafa menn sannarlega hugsað, að þessir hlutir væru guðir?

Sv.: Ef til vill, þeir fáfróðu; en þeir, sem greindari voru, skoðuðu þessa hluti eins og ímynd eða aðsetursstað gudanna.

4. Sp.: Var nokkar snefill af sannleika í þessu?

Sv.: Já; því að þann dag í dag trúum vjer, að allir hlutir sjæm opinberanir af hinum eina ótakmarkaða anda og lífi.

5. Sp.: Höfðu allar forupjóðir sömu trú í þessu efni?

Sv.: Nei; ýmislegar þjóðir og ættkvíslir höfðu og mismunandi trúarskóðanir og ólíka guði.

6. Sp.: Álitu þær að guðum þessum kæmi vel saman?

Sv.: Nei; guðirnir hötuðu hver annan jafn-biturt og þjóðirnar gerðu hver aðra.

7. Sv.: Trúðu menn að allir þessir guðir væru góðir?

Sv.: Nei; þeir voru eins mismunandi að skapferli og lyndiseinkennum, eins og mennirnir, sem dýrkðu þá.

8. Sp.: Hvað hjeldu menn að guðir þessir hefðu fyrir stafni?

Sv.: Af því þeir vissu ekkert um niðurröðun í náttúrannni, þá eignuðu menn einhverjum guði sínum